

**Sp. 999. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til að standast rekstrarhalla Fljótaárvirkjunarinnar.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1 millj. króna lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að taka til þess að standast halla á rekstri Fljótaárvirkjunarinnar og rafmagnsveitu Siglufjarðar á árunum 1946—1949, að báðum árunum meðtöldum, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, enda sé Rafmagneftirliti ríkisins falið að hafa eftirlit með því, að lánið sé notað, eftir því sem það hrekkur til, til þess að greiða allt að 85% af rekstrarhallanum eins og hann verður á hverjum tíma að dómi rafmagnseftirlitsins.